

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.**  
Þingskjal 563 — 449. mál á 141. löggjafarþingi.

Auðkenni ehf. fagnar þeirri jákvæðu þróun sem felst í frumvarpi um heimild sveitarstjórna til að halda rafrænar íbúakosningar með rafrænum kjörskrá. Hagræðingin sem ná má fram með rafvæðingu kosninga og atkvæðagreiðslna er nægileg til þess að gera þetta að ótvíræðum valkosti framtíðarinnar.

Lýðræðislegur réttur okkar til þátttöku í atkvæðagreiðslum er eitt af því mikilvægasta sem við öll eigum sem einstaklingar. En þennan lýðræðislega rétt okkar er líka auðvelt að taka frá okkur ef ekki er tæknilega rétt að málum staðið. Tryggja þarf að það kerfi sem hannað er sé traustsins vert, að það hafi nægar öryggisvarnir til þess að réttur aðili greiði alltaf atkvæði og loks að kerfið sé opið, þ.e. að hægt sé að rýna innviði kerfisins og gefa því þannig heilbrigðisvottorð þeirra skeptísku.

Auðkenni vill benda umhverfis- og samgöngunefnd á að huga sérstaklega vel að auðkenningarhlutanum í atkvæðagreiðslum og þá einkum styrkleika auðkenningarinnar sem notuð er. Í frumvarpinu er það látið alfarið í hendur ráðherra að mæla nánar fyrir um kröfur til auðkenningar í reglugerð. Með styrkleika auðkenningarinnar er átt við að beita þarf sterkum sannfærandi aðferðum til að tryggja að þegar einstaklingur tekur við auðkenni, hvort sem það er í formi veflykils eins og ríkisskattstjóri notar, Auðkennislykils eins og bankarnir nota eða í formi rafrænna skilríkja sem á annað hundrað þjónustuveitendur nota, þá sé gengið úr skugga um að móttakandi auðkennisins sé sá sem hann segist vera og sé réttur móttakandi þess.

Meta verður hvort hinn lýðræðislegi réttur einstaklingsins til þátttöku í atkvæðagreiðslu teljist vel verndaður ef það er nægjanlegt að slá inn notendanafn og lykilorð inn í kosningakerfið sem notað er, hvernig sem notandinn fékk auðkenninu úthlutað? Þeir viðskiptabankar sem hér starfa hafa allir talið að svo sé ekki og nota þess vegna allir sterkari auðkenningu, þó með mismunandi hætti sé. Að sama skapi verður að meta hvort rétturinn til þátttöku í atkvæðagreiðslu teljist vel verndaður ef hópur þátttakenda deilir saman þeirri dreifingarleið sem almennt er nýtt til þess að koma lykilorðum til notenda á Íslandi, netbönum. Er það ásættanlegt vernd atkvæðisins þegar eiginmaður eða eiginkona getur hæglega greitt atkvæði fyrir hitt hjóna vegna aðgengis að lykilorðaupplýsingunum í gegnum sameiginlegan netbanka?

Að mati Auðkennis er ljóst að slík vernd getur ekki talist nægjanleg þegar kemur að lýðræðislegum rétti einstaklings til þátttöku í atkvæðagreiðslum, til áhrifa í heimabyggð. Leggur félagið þess vegna til að frumvarpinu verði breytt þannig að gerðar verði í sveitastjórnarlögum lágmarkskröfur til þeirra auðkenna sem heimilt verður að nota við rafrænar íbúakosningar, þar á meðal hvernig afhenda eigi kjósendum auðkennin. Vill félagið benda á evrópskt samstarfsverkefni um uppbyggingu sam- evrópsks kerfis fyrir notkun rafrænna auðkenna yfir landamæri, þar sem íslensk stjórnvöld tóku þátt í að móta m.a. svokölluð fullvissustig auðkenningar (e. assurance level). Það samstarfsverkefni ætti að vera útgangspunktur þeirra lágmarkskrafna sem Auðkenni telur mikilvægt að tilgreina í frumvarpinu.<sup>1</sup>

f.h. Auðkennis ehf.

Elfur Logadóttir  
c=S, ou=einkaskilríki, ou=Undirritun, ou=16, serialNumber=1509713739, cn=Elfur Logadóttir  
2013.02.18 22:41:49 Z

Elfur Logadóttir, lögfræðingur

<sup>1</sup> STORK skýrslan er aðgengileg á slóðinni [https://www.eid-stork.eu/index.php?option=com\\_processes&Itemid=&act=streamDocument&did=577](https://www.eid-stork.eu/index.php?option=com_processes&Itemid=&act=streamDocument&did=577)